

➤➤ **Pegar öllu er á botninn hvolft eru það auglýsendur sem borga – fyrir aðgang að okkur! 28**

Ný bók Murakamis

1Q84 vísar í 1984 eftir George Orwell



Haruki Murakami

JAPANSKI rit höfundurinn Haruki Murakami nýtur mikillar og vaxandi hylli um allan heim og einnig hér á landi, en þrjár bóka hans, *Sunnan við mærin*, *vestur af sól*, *Spútnik-ástin* og *Eftir skjálftann*, hafa komið út á íslensku.

Fimm ár eru liðin frá síðustu bók Murakamis og sjö ár frá síðustu stóru skáldsögu og því bíða margir óþreyjufullir eftir næstu skáldsögu hans. Austur í Japan þurfa menn ekki að bíða, því skáldsagan *1Q84* hóf að koma út þar í landi á síðasta ári. Þegar hafa tvö bindi bókarinnar komið út, en þriðja bindið kemur út í apríl næstkomandi. Gert er ráð fyrir að fyrstu tvö bindin komi út í enskri þýðingu í september á næsta ári og þriðja bindið einhverju síðar, en þýðendur verða tveir. Þess má geta að bókinn er einnig komin út í Kóreu og sat þar níttján vikur í efsta sæti bóksöluhlustans.

Heiti bókarinnar, *1Q84*, er orðaleikur, því hljóðin Q og 9 eru eins á japönsku og því vísar titill bókarinnar til skáldsögunnar *1984* eftir George Orwell, en ein söguhetja bókarinnar telur sig hafa komist á snoðir um heim til hliðar við okkar sem hún kallar 1Q84 með Q-íð sem spurningarmerki. Þetta er þó ekki eina tengingin við bók Orwells því *1Q84* gerist einnig 1984; fyrsta bindið nær yfir tímabilið frá apríl til júní og annað bindið júlí til september.

Mikil leynd hvíldi yfir bókinni áður en hún kom út og skapaði slíka spennu að hún seldist í riflega milljón eintökum í Japan í fyrsta útgáfumánuðinn.

Milljónir fyrir fyrsta Superman-bláðið



Fyrsta Superman-bláðið.

ÞAÐ getur borgað sig að flesta aðeins í hasarblaðabunkanum áður en honum er hent á haugana; á mánudag seldist fyrsta eintak *Action Comics* á sem nemur um 130 milljónum

króna, en fyrsta eintak þess rits er aðallega í metum fyrir það að þar birtist stálmaðurinn Superman í fyrsta sinn. Bláðið kom út í júní 1938, en ekki er vitað um nema 100 eintök af téðu blaði.

Þetta tiltekna eintak af *Action Comics* #1 seldist á riflega tvöfalt hærra verði en áður hefur verið greitt fyrir fyrsta Superman-bláðið, en þetta eintak var eitt af þremur best varðveittu eintökum heims. Þess er og getið að kaupandinn átti eintak fyrir, en ekki í eins góðu ásigkomulagi. Sá sem átti það fyrir keypti það á uppboði fyrir um tuttugu milljónir króna fyrir fimmtán árum.

Tónlist

Góudjass á Garðatorgi í Garðabæ

KVENNAKÓR Garðabæjar fagnar tíu ára afmæli sínu um þessar mundir og efir til djasstónleika í gamla Hagkaupshúsinu á Garðatorgi næstkomandi fimmtudag undir yfirskriftinni „Djass á góu“. Á efri skránni verða þekkt sönglög, flest íslensk sem flutt verða í djassbúningi við undirleik þeirra Ómars og Óskars Guðjónssona, Matthíasar



Purrður Sigurðardóttir

Hemstock og Tómasar R. Einarssonar, en einnig kemur söngkonan Purrður Sigurðardóttir fram með kórnum. Stjórnandi Kvinnakórs Garðabæjar er sópransöngkonan Ingibjörg Guðjónsdóttir. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis.

Þjóðfræði

Fram fram fylking í Borgarbókasafninu

Á SÍÐASTA ári kom út bókinn *Allir í leik: Söngvaleykir barna* eftir Unu Margrétu Jónsdóttur, sem er fræðileg úttekt á söngvaleykjum barna á Íslandi með itarefni um uppruna leikjanna og tilbrigðin við þá. Una Margrét hefur rannsakað íslenska leikjasöngva frá árinu 1999 og á morgun, miðvikudag, fjallar hún um leikjasöngva á borð við „Fram fram fylking“ og „Bimm bamm bimm bamm“ og tengsl þeirra við sams konar söngva erlendis í fyrirlestri á vegum Félags þjóðfræðinga á Íslandi.

Fyrirlesturinn, sem hefst kl. 17:00, verður haldinn í aðalsafni Borgarbókasafnsins í Tryggvagötu.



Una Margrét Jónsdóttir

Ljósmyndun

Hvergiland í Listasafni Reykjavíkur

KATRÍN Elvarsdóttir opnar ljósmyndasýningu sem kallast *Hvergiland* í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu næstkomandi fimmtudag. Katrín lauk B.F.A. gráðu frá Art Institute of Boston árið 1993 og hefur síðan þá sýnt víða, bæði í Bandaríkjunum, Evrópu og á Íslandi.

Í texta sem Sigrún Sigurðardóttir hefur ritað um sýningu Katrínar segir m.a.: „[Katrín Elvarsdóttir] beitir ljósmyndinni til að skapa ímyndaðan heim sem spottinn er úr veruleikanum sjálfum og dregur þannig fram framandleika umhverfis sem alla jafna er álitioð hversdagslegt.“



Katrín Elvarsdóttir



Morgunblaðið/Ernir

Áskorun Víkingur Heiðar Ólafsson leikur 1. píanókonsert Chopins með Sinfóníuhljómsveitinni á tvennum tónleikum í Háskólabíói, á fimmtudag og föstudag. Hann segir að tónlistin sé margbrotin; Chopin tefli fram gífurlega stórum tilfinningum og ástríðum en samt sé tónlistin líka innhverf og persónuleg.

Chopin mesta áskorunin

● Leikur 1. píanókonsert Chopins í þessari viku

● ... og 3. píanókonsert Rakhmaninoffs í næstu viku

● Áþekkt að vera íþróttamaður og píanóleikari

Eftir Árna Matthíasson
arnim@mb.is

VÍKINGUR Heiðar Ólafsson hefur verið á allra vörum frá því hann sigraði í háskólaflokki píanókeppni Íslandsdeildar Evrópusambands píanókennara fyrir rúmum níu árum. Frá þeim tíma hefur vegur hans vaxið hér heima og erlendis og hann er marglofaður og -verðlaunaður fyrir frammistöðu sína og nægir að nefna að hann hefur tvívegis fengið Íslensku tónlistarverðlaunin og er nú tilnefndur til tvennra verðlauna og hlaut að auki Íslensku bjartsýnisverðlaunin fyrir ári.

Ekki skortir hann heldur verkefni; á fimmtudags- og föstudagskvöld glímur Víkingur við eitt af helstu verkum píanóbókmenntanna, 1. píanókonsert Chopins, í Rauðri tónleikaröð Sinfóníunnar, en uppselt er á hvora tveggju tónleikana. Á mánudag flýgur hann svo til Finnlands þar sem hann hyggst spila enn erfiðara verk, þriðja píanókonsert Rakhmaninoffs með Filharmóníuhljómsveit Turku í lok næstu viku undir stjórn Petri Sakari, sem er Íslendingum að góðu kunnur.

Í þessu ljósi kemur kannski ekki á óvart að samtalið okkar hefst á spjalli um það í hve góðu líkamlegu formi Víkingur er: „Ég er eiginlega að vinna tvöfald eða þrefald miðað við það sem venjulega er og búinn að átta mig á því að formið skiptir gríðarlega miklu máli, enda er það ekkert svo óskilyt því að vera íþróttamaður og að vera píanóleikari; það eru mikil átök að spila píanókonserta og síðan að vera á sífældu ferðalagi og spennan sem fylgir því að vera að fást við ný og ný verk opinberlega. Maður þarf að byggja líkamann markvisst upp, þjálfá bakið og handleggsvöðvana og hafa gott úthald. Þetta er ekki bara spurning um að mæta á staðinn og vera innblásinn og finna einhvern anda, þó að það sé mikilvægasti parturinn.

Það er fullt af tónlist sem krefst ekki sama úthalds og styrks, en ég held að fólk átti sig ekki allt-

Fyrsti píanókonsertinn er annar píanókonsertinn

Fyrsti píanókonsert Frédéric François Chopins er í raun annar píanókonsert hans, ef svo má segja, því hann samdi opus 21 konsertinn (annan píanókonsertinn) áður en hann samdi opus 11 konsertinn (fyrsta píanókonsertinn).

Báða konsertana samdi Chopin um tvítugt og rétt búinn að ljúka námi, þann síðari 1829, og frumflutti hann sjálfur í Varsjá í desember 1829, en þann fyrri frumflutti hann 17. mars 1830 og því vel við hæfi að hann sé flutt-



Frédéric François Chopin

ur á Íslandi núna, fjórum dögum fyrir tvö hundruð ára afmæli tónskáldsins og þrem vikum fyrir 180 ára afmæli tónveksins.

Konsertarnir voru ekki gefnir út fyrr en 1833 að opus 11 konsertinn kom út, en opus 21 konsertinn kom út 1836 og var þá þar með orðinn seinni píanókonsert Chopins.

Fyrri konsertinn, opus 11, er saminn undir miklum áhrifum frá óperutónskáldinu Bellini og þá aðallega má finna óm úr Normu í verkinu.

af á því hvað það er mikil vinna að spila píanókonserta og ég las það einhvers staðar á netinu að það væru fáar starfsgreinar þar sem starfsmenn brenndu eins miklu og píanóleikarar gera við það að spila konserta, þannig að það er mjög heilsusamtlegt að spila á píanó,“ segir hann og hlær, „en það getur algerlega farið með sálina í mönnum, maður verður að vera sterkur á báðum sviðum. Þetta verður náttúrlega erfitt en ég er búinn að undirbúa mig vel fyrir báða konsertana á síðustu mánuðum og þetta verður bara skemmtilegt. Þetta er svona – maður verður annars vegar að hugsa vel fram í tímann og svo hinsvegar að taka einn dag í einu.“

Margbrotin tónlist

Píanókonsert Chopins hefur verið Víkingi Heiðari hugleikinn í gegnum tíðina. Hann nefnir það að Svana Víkingisdóttir, móðir hans, spilaði

konsertinn á sínu lokaprófi í píanóleik og síðan þegar hann var tíu ára fékk hann að gjöf geisladisk með Evgení Kissin að spila píanókonserta Chopins.

„Kissin var tólf ára þegar diskurinn var tekinn upp og ég einsetti mér að spila báða konsertana þegar ég væri orðinn tólf ára og nú er loks komið að því,“ segir Víkingur og hlær við. „Fyrir mér hefur Chopin verið mesta áskorunin og þá ekki bara líkamlega heldur líka ljóðrænt. Þetta er margbrotin tónlist; mesta áskorunin í henni er það hvað hann teflir fram gífurlega stórum tilfinningum og ástríðum en samt er hún líka innhverf og persónuleg. Maður þarf að vera með þessar risastóru tilfinningar án þess að þær verði yfirborðskennar og það er vandasamt að finna það jafnvægi. Þetta er æskuverk Chopins, glæsibravúrakonsert en það er svo miklu meira undir yfirborðinu og það er það sem ég er að reyna að ná fram.“